

1. tbl. 30. árgangur febrúrar 2008

Virðing
Réttlæti

VR

BLAÐIÐ



Félagsmál



- 05 Atvinnuleysi minnkar
- 06 Nýársfundur
- 09 Fyrirtæki ársins
- 14 Sumar og sól 2008
- 16 Orlofshús 2008
- 24 Trúnaðarmannanámsk.
- 25 Hádegisfyrirlestrar
- 26 Menningarlegur margbreytileiki, námskeið

Greinar

- 08 TAXFREE - Gerður Kristný
- 10 Átt þú von á 29 milljóna bótakröfu?
- 12 Er fegurð ávísun á velgengni?
- 30 Svefn sem söluvara

Viðtöl og fleira

- 22 Dagspartur með sjálfum sér
- 32 Annáll VR 2007
- 26 Hugarheimur Ellenar Kristjánsdóttur



VR

Húsi verslunarinnar
Kringlunni 7, 103 Reykjavík
Sími 510 1700
vr@vr.is



Eldhraun að vetrarlagi

LEIÐARI

Örorka og endurhæfing

Ekkert lát virðist vera á fjölgun öryrkja ef marka má þær fréttir að um 1150 nýir einstaklingar hafi komið inn á fullar örkubætur hjá Tryggingastofnun ríkisins á síðasta ári. Þessi tala er sambærileg við fjölgun undanfarinna ára og svarar til þess að fjórði hver einstaklingur í hverjum árgangi verði öyrki.

Fjölgun öryrkja veldur miklum kostnaðarauka í afkomu-tryggingakerfum. Víða í hinum vestræna heimi eru menn að glíma við svipuð vandamál og allstaðar virðist koma upp sama tortryggnin hjá afkomu-tryggingarkerfinu um að heilbrigðiskerfið sé of eftirlátt við að sjúkdómsvæða samfélagið og þar með valda ónauðsynlegum útgjöldum. Víðast hvar hefur því verið hert á reglum en á seinni árum hafa menn í auknu mæli beint sjónum sínum að aukinni endurhæfingu og eftirfylgni. Mikil gróska hefur verið í ýmsum endurhæfingarúrræðum í þeim flokkum örorku sem mest aukning hefur verið í s.s. ýmsum lífsstíls-, geðrænum- og stoðkerfissjúkdómum. Þessi endurhæfingarúrræði hafa verið í formi hreyfingar, endurmenntunar og atferlishegðunar svo eitthvað sé nefnt, sem hefur fallið utan hefðbundins heilbrigðiskerfis og verið í vissu faglegu og fjárhagslegu tómarúmi.

Frá síðasta vori höfum við hjá VR verið með tilraunaverkefni sem gengur út á að bjóða þeim, sem við teljum að þjónustan gæti hentað vel, í viðtal og aðstoð við endurhæfingu. Um 130 aðilar klára árlega heilt bótatímabil á sjúkrasjóði VR og eru því líklegir að halda áfram inn á örorkugreiðslur. Þjónusta okkar felst í viðtölum, þar sem við gerum endurhæfingaráætlun, bjóðum upp á viðtal hjá lækni eða öðrum fagaðila, ráðleggjum fólki um hreyfingu, svefn, vísun á námsráðgjöf, ráðgjöf um fjármál svo eitthvað sé nefnt, en fyrst og fremst erum við að hvetja fólk áfram. Það er mat starfsmanna að verkefnið hafi gengið vonum frammar og ánægja sé meðal skjólstæðinga okkar. Við höfum því fullan hug á að þróa verkefnið áfram í góðu samstarfi við heilbrigðiskerfið og endurhæfingaraðila.

Fyrstu skrefin lofa góðu þó enn sé of snemmt að fullyrða um árangur.

GPP

Ábyrgðarmaður: Gunnar Páll Pálsson Ritstjóri: Anna Björg Siggeirsdóttir Umbrot og útlit: Tómas Bolli Hafþórsson Ljósmyndir: Eddi, Gunnar Kristinn og Atli Már. Prentun: Oddi. Upplag: 23.000 Stjórn VR: Gunnar Páll Pálsson formaður, Stefánía Magnúsdóttir varaformaður, Jóhanna E. Vilhelmsdóttir ritari. Meðstjórnendur: Benedikt Vilhjálmsson, Bjarndís Lárusdóttir, Eyrún Ingvaldsdóttir, Gunnar Böðvarsson, Jón Magnússon, Lykke Bjerre Larsen, Margrét Sverrisdóttir, Margrét Torfadóttir, Rannveig Sigurðardóttir, Sigurður Sigfússon, Steinar J. Kristjánsson og Valur M. Valtýsson. Varamenn: Jóhanna S. Rúnarsdóttir, Ólafur Ingimarsson og Þorlákur Jóhannsson. Stjórn Orlofssjóðs VR: Benedikt Vilhjálmsson, Bjarndís Lárusdóttir, Gunnar Böðvarsson, Margrét Torfadóttir, Sigurður Sigfússon, Steinar J. Kristjánsson og Valur M. Valtýsson. Til vara: Jóhanna S. Rúnarsdóttir, Margrét Sverrisdóttir. Stjórn Sjúkrasjóðs VR: Stefánía Magnúsdóttir formaður, Jóhanna E. Vilhelmsdóttir, Jón Magnússon, Lykke Bjerre Larsen og Rannveig Sigurðardóttir. Til vara: Ólafur Ingimarsson og Þorlákur Jóhannsson.

Kjarasamningar

Viðræður um endurnýjun kjarasamninga eru í fullum gangi. Helst er nú rætt um sérkröfur VR og sameiginlegar kröfur verkalýðshreyfingarinnar og miðar því þokkalega áfram. Þegar komist hefur verið að niðurstöðu í þeim málaflökki hefjast umræður um launalið kjarasamninga.

Það hefur tafið viðræðurnar að vinnuveitendur gera þá kröfu að allir aðilar fylgist að í þessum viðræðum, en sem kunnugt er slitnaði uppúr samfloti verkalýðshreyfingarinnar í upphafi árs. Þegar blaðið fór í prentun var enn óljóst hvornig framvinda mála yrði en líkur eru á að ef meiri skriður kemst á viðræðurnar gæti fréttan verið að vænta innan skamms.

Inneign í VR varasjóði

Má nýta vegna líkamsræktar

Töluverður fjöldi fyrirspurna frá félagsmönnum hefur verið undanfarið vegna notkunar á inneign í VR varasjóði, sérstaklega hvað varðar líkamsrækt. Lítum nú nánar á tilgang sjóðsins.

VR varasjóður sameinar réttindi félagsmanna í mismunandi sjóðum í einn sjóð sem þeir geta nýtt af meira frjálssræði og með meiri sveigjanleika en áður hefur verið. Í sjóðinum renna fjármunir sem áður voru notaðir til styrkja af ýmsu tagi úr sjúkrasjóði s.s. til líkamsræktar og tiltekinn hluti af iðgjöldum í orlofssjóð. Félagsmenn hafa áfram val um að nýta varasjóð sinn til þessara þátta en fá nú að auki þann möguleika að safna í sjóð til að nota í stærri verk eða til að mæta áföllum á lífsleiðinni. Lagt er inn í varasjóðinn árlega eftir aðalfund sem þetta árið verður haldinn 31. mars.

Félagsmenn geta nýtt varasjóð sinn vegna:

- Námsorlofs og kaupa á menntunarþjónustu
- Framfærslu samhliða atvinnuleysisbótum
- Starfsloka eftir að 60 ára aldri hefur verið náð
- Heilsubrestrs

Kaupa á líf-, slysa- og sjúkdómatryggingum

Kaupa á líkamsræktar-, endurhæfingar-, sálfræði-, og læknis- og tannlæknisþjónustu

Kaupa á hjálpartækjum s.s. gleraugum og heyrnartækjum

Kaupa á orlofstengdri þjónustu



Andlitslyfting í Miðhúsaskógi

Nú stendur yfir endurnýjun orlofshúsa VR í Miðhúsaskógi. Það verða því nýstrokin og snyrt hús sem taka á móti gestum þegar sumartímabilið hefst í byrjun júní. Auk venjulegs viðhalds verður skipt um eldhúsinnréttingar og gólfefni, baðherbergi löguð og ný húsgögn koma í stað þeirra gömlu. Húsin eru tekin í gegn hvert af öðru því eru alltaf einhver þeirra í leigu fram á vor.

Aðalfundur

31. mars 2008

Aðalfundur VR verður haldinn á Hilton Reykjavík Nordica hótél mánudaginn 31. mars nk. og hefst kl. 19:30.

Dagskrá: Venjuleg aðalfundarstörf.



Atvinnuleysi minnkar verulega á milli ára

Atvinnuleysi meðal félagsmanna VR dróst saman á milli árunna 2006 og 2007 um 29% - árið 2006 fengu rúmlega 1.200 félagsmenn greiddar atvinnuleysisbætur en árið 2007 voru þeir 866. Árið 2005 fengu rúmlega 1.900 félagsmenn greiddar bætur og hefur því félagsmönnum sem fengu greiddar atvinnuleysisbætur fækkað um rúmlega helming á tveimur árum.

Í fyrra fengu mun fleiri konur í VR greiddar atvinnuleysisbætur en karlar eða 597 á móti 269 en hafa verður í huga að konur eru fleiri en karlar í félaginu, um 60% á móti 40%. Árið 2006 fékk 851 kona bætur á móti 373 körlum. Hlutfallsleg breyting á milli ára er sambærileg hjá kynjunum.

Penslan í þjóðfélaginu hefur skilað félagsmönnum VR launaskriði umfram almenna launahækkun, eins og sjá má á niðurstöðum launakannanna síðustu ár, og nú sýna tölur um atvinnuleysi að árferðið er gott fyrir félagsmenn í VR.

Aukin þjónusta hjá Sjúkrasjóði VR

Ráðgjöf til að hjálpa fólki að komast fyrir út á vinnumarkaðinn eftir veikindi

Sl. vor hófst tilraunaverkefni hjá sjúkrasjóði VR sem felst í að fylgja bótaþegum sjóðsins eftir og bjóða þeim ráðgjöf með það að markmiði að hjálpa þeim til að verða vinnufærum á ný. Í fyrstu var völdum hópi boðið að taka þátt í verkefninu en gert er ráð fyrir að stækka þann hóp síðar.

Starfsmenn sjúkrasjóðs, í samráði við endurhæfingalækni, sjá um ráðgjöfina og koma skjólstæðingarnir reglulega í viðtal hjá VR. Ráðgjöfin byggist á því að finna styrkleika skjólstæðinganna og styðja þá til að vera virkir í samfélaginu svo þeir komist fyrir til vinnu á ný. Þeir eru hvattir til að hreyfa sig, fá ráðleggingar gegn kvíða, svefnleysi, um mataræði o.fl. Fyrir þá sem geta ekki snúið aftur í fyrri störf vegna veikindanna eru kannaðir möguleikar á nýjum starfsvettvangi t.d. með því hvaða námsmöguleikar henti. Sett er upp stundaskrá með verkefnum vikunnar ef óskað er. Verkefnið hefur gefist vel og verður því haldið áfram.

Stjórn VR telur að um þarft verk sé að ræða þar sem margir í þessum hópi hafa hingað til fengið litla aðstoð. Mun fleiri hafa þegið aðstoðina en hafnað henni. Þess má geta að í kjarasamningaviðræðum er rætt um að stíga einhver skref í átt að auknum möguleikum á endurhæfingu enn er þó óljóst hvernig það verður.

Kjarasamningar lausir

Ekki launahækkun um áramót

VR minnir félagsmenn sína á að þar sem kjarasamningar runnu út um síðastliðin áramót urðu engar breytingar um áramótin, hvorki á launum né öðrum þáttum samninga.



Nýkjörnir fulltrúar á lista stjórnar. Talið frá vinstri Jón Hrafn Guðjónsson, Steinunn Guðmundsdóttir, Benedikt Vilhjálmsson, Jóhanna S. Rúnarsdóttir, Gunnar Páll Pálsson, Lykke Bjerre Larsen, Steinar J. Kristjánsson, Sigurður Sigfússon, Þorlákur Jóhannsson, Stefania Magnúsdóttir og Jón Magnússon.

FÉLAGSMÁL

Nýársfundur VR

Kosið á framboðslista til stjórnar í fyrsta sinn í áraraðir

Spenna ríkti á nýársfundi trúnaðarráðs og trúnaðarmanna VR á vinnustöðum 22. janúar sl. Þegar kosið var á milli einstaklinga á framboðslista til stjórnar. Þetta var í fyrsta sinn í áraraðir sem kosning fór fram og ekki laust við að kosningaskjálfta hafi gætt á fundinum. Heitar framboðsræður voru haldnar og mikil spennu myndaðist þegar talning hófst - enda mikið í húfi. Þessi fundur boðaði breytta tíma í félaginu.

Helmingur stjórnar er í framboði árlega sem og allt trúnaðarráð. Hinn helmingurinn er svo í framboði árið á eftir. Kosið er um formann annað hvert ár. Fram til þessa hefur uppstillinganefnd félagsins lagt fram tillögu að framboðslista til samþykktar eða synjunar á fundi trúnaðarráðs, án þess að kosið væri milli frambjóðenda. Sá listi hefur undantekningalaust verið samþykktur á nýársfundinum og því verið framboðslista stjórnar og trúnaðarráðs á aðalfundum félagsins.

Fyrir nokkrum árum hóf VR hins vegar að auglýsa í fjölmiðlum og á vef félagsins eftir áhugasömum félagsmönnum til að bjóða sig fram til stjórnar og trúnaðarráðs. Viðbrögð voru mjög góð og ljóst að mikill áhugi var meðal félagsmanna á að taka þátt í því að móta og reka félagið. Breyting var svo gerð á lögum félagsins á síðasta ári með það að markmiði að auka lýðræði í félaginu og gefa öllum félagsmönnum tækifæri til að bjóða sig fram til stjórnar félagsins. Tekin var ákvörðun um að efna til kosninga milli

einstaklinga í stjórn. Kosið er um þrjú sæti aðalmanna og þrjú sæti varamanna árlega en uppstillinganefnd gerir tillögu að fjórum aðalmönnum. Í ár var formaður VR í kjöri, sjö stjórnarmenn og þrjú varamenn í stjórn. Ekkert framboð barst gegn sitjandi formanni og verður Gunnar Páll Pálsson formaður því í framboði. Ellefu framboð bárust hins vegar í sjö sæti stjórnarmanna, þar af nokkur frá félagsmönnum sem ekki áður hafa setið í stjórn.

Uppstillinganefnd stillti upp eftirtöldum einstaklingum á framboðslista til stjórnar VR (öll sátu í stjórn á síðasta tímabili): Jón Magnússon (Hekla), Lykke Bjerre Larsen (Skýrr), Sigurður Sigfússon (N1) og Steinar J. Kristjánsson (Húsasmiðjan).

Á fundinum voru eftirtaldir kosnir einstaklingskosningu á listann: Benedikt Vilhjálmsson (Fálkinn) núverandi stjórnarmaður, Jóhanna S. Rúnarsdóttir (B&L) sem er ný á lista og Stefania Magnúsdóttir (VR) sem er starfandi varaformaður. Í varastjórn voru kosin Jón Hrafn Guðjónsson (Flügger) sem er nýr á lista, Steinunn Guðmundsdóttir (SH hönnun) sem einnig er ný á lista og Þorlákur Jóhannsson (Guðmundur Arason) sem var í varastjórn fyrir.

Þessi nýi framboðslista stjórnar og trúnaðarráðs VR verður lagður fyrir aðalfund í lok mars til samþykktar ef ekki berast aðrir listar en þegar hefur verið auglýst eftir öðrum framboðum.



NÝÁRSFUNDUR

Hvikum ekki af braut

Trúnaðarráð og trúnaðarmenn endurnýjuðu umboð til samninganefndar

Trúnaðarráð VR og trúnaðarmenn félagsins á vinnustöðum samþykktu á fundinum að veita samninganefnd félagsins áframhaldandi umboð í kjarasamningaviðræðunum til að halda áfram á þeirri braut sem lögð var í nóvember síðastliðnum. Þetta felur í sér að VR mun ekki hvíka frá þeim áherslum sem samþykktar voru á fundi ráðsins og trúnaðarmanna þann 27. nóvember en þær miða að því að rétta hlut þeirra lægst launuðu og þeirra sem hafa orðið eftir í því launaskriði sem stórir hópar í þjóðfélaginu hafa notið undanfarin misseri.

Á fundinum fór Gunnar Páll Pálsson, formaður VR, yfir áherslur félagsins í viðræðunum og gang þeirra undanfarið. Hann sagði meginþunga VR hljóta að vera á að vernda kaupmátt félagsmanna og styrkja stöðu þeirra sem dregist hefðu aftur úr. Blikur eru framundan í efnahagslífinu, sagði Gunnar og besta kjaraþóttin er að halda í stöðugleikann eins og mögulegt er.

VR er reiðubúin að skrifa undir 3-4 ára samning, svo fremi að sátt náist um baksýnispegil, sérkröfur félagsins og þær sameiginlegu kröfur sem liggja á borði ASÍ. Meðal þess sem verður að ræða er hvaða formúlu beri að nota fyrir baksýnispegilinn svokallaða tengdri launapróun og launavísitölu, lengra orlof eða allt að 30 daga og hækkun slysatrygginga.

Gunnar Páll sagði vinnuveitendur hefðu kynnt nýjar hugmyndir á fundi fyrr í vikunni sem eru í takt við það sem VR hefur lagt áherslu á og sagðist vonast til að nú kæmist skriður á viðræðurnar.

PISTILL GERÐAR KRISTNÝJAR

TAX-FREE ER TENGING VIÐ FORTÍÐINA



Það er ekki bara í Illums Bolighus eða á barnum á Skt. Petri hótelinu sem Íslendingar í Kaupmannahöfn geta átt von á að rekast á landa sína. Það getur líka myndast stemmning eins og á góðu Þorrablóti í röðinni við litla hvíta kotið á Kasturflugvelli þar sem virðisaukaskatturinn fæst endurgreiddur. Líklega er þetta eini staðurinn í borginni þar sem við, íbúar gömlu nýlendunnar, erum heiðruð með upplýsingum á eigin tungumáli. Enda kannski eins gott því reglurnar um endurgreiðsluna breytast sífellt. Síðustu árin hefur til dæmis ekki þurft að reiða fram vörurnar á fyrstu hæð, heldur hafa menn mátt storma með óstimplaða seðlana upp á þá næstu þar sem skatturinn eru síðan greiddur út. Nú er aftur á móti eins gott að hafa hvern einasta sokk sem keyptur hefur verið innan seilingar svo starfsmenn tollsins geti velt honum á milli handa sér áður en stimpillinn er reiddur til höggs. Ég ætti að vera farin að þekkja þetta, kem þarna við að minnsta kosti einu sinni á ári. Og það er svo sem engin óþarfa gustuk að þýða nýjustu orður á íslensku því Íslendingar eru fjölmennasti hópurinn sem fær endurgreiddan virðisaukaskatt í Danmörku.

Í hvíta kotinu rúmast alls þrjár afgangsmenn en kvöldið sem ég beið þar í röð í nóvemberlok var þar aðeins einn ungur maður. Hann vann starf sitt af kostgæfni og fór vel yfir alla pappíra áður en hann sá ástæðu til að draga fram seðlana. Það var því um það bil 45 mínútna bið eftir afgreiðslu og ég fékk nægan tíma til að spjalla við þá sem voru næst mér. Það var þó maður sem stóð aðeins aftan en ég í röðinni sem dró brátt að sér athygli mína. Þegar hann kom auga á kunningja sinn tilsýndar í flugstöðinni heilsaði hann honum nefnilega hátt og snjallt og bætti við: „Ég er nú ekki vanur að vera í þessari röð!“ Þessari fullyrðingu fylgdi vandræðalegur hlátur. Litlu síðar kom maðurinn auga á annan kunningja og aftur fannst honum hann þurfa að tilkynna að hann væri ekki vanur að standa þarna. Að þessu sinni fannst manningum sem hann skuldaði einhverjar skýringar. Hann hafði keypt svona líka agalega

fín Versace-glös. Hann lýsti þeim af andagift fagurkerans og tiltók um leið verðið. Enginn skyldi halda að hann hefði bara verið að kaupa tuskur í H og M.

Allt látbragð mannsins bar þess merki að honum fyndist lítt skárra að biða eftir baunadós og hangikjötslæri hjá Mæðrastyrksnefnd en að rétta þarna út höndina eftir fé sem honum þó bar. Kannski afþakkar hann líka alltaf endurgreiðslu skattsins hér heima. Líklega áttum við bara öll að skammast okkar fyrir að vera að heimta peninga af danska ríkinu eins og það hefur nú gert margt fyrir okkur, passað handritin og leyft öllum þessum gáfuðu strákum að búa ókeypis á Garði. Mér kom í hug sagan af Gísla í Uppsölum sem reitti sveitunga sína til reiði þegar til stóð að fá alla í sveitinni sem á annað borð höfðu til þess rétt að greiða atkvæði í kosningunum fyrir lýðveldisstofnunina 1944. Hver einn og einasti var til í það – nema Gíslí sem bar það fyrir sig að vilja ekki svikja danska kónginn.

Sagnfræðikunnáttu okkar hlýtur að vera orðið ábótavant þegar við erum hætt að njóta þess að fá eitthvað til baka frá danska ríkinu. Hvað ætli Danir geri líka við peningana sem Íslendingar sækja ekki? Við vitum ekki nema þeir renni beint til þjálfunar landsliðsins í handbolta sem síðan gerir lítið úr fræknum hetjum okkar á alþjóðlegum mótum, nema þeim sé varið í útgáfu bóka um list Ólafs Elíassonar þar sem þess er vandlega gætt að taka fram að hann sé danskari en litla hafmeyjan. Höldum því áfram að róta eftir dýrgripum í H og M og látum bara vaða ef við getum ekki staðist glingrið í Illums. Sjáumst síðan í röðinni við hvíta kotið. Ef það er einhver staður þar sem við fáum skilið þær tilfinningar sem bæðust í brjóstum landa okkar þegar þeir biðu eftir uppskipun úr Íslandsfleyjunum fyrir 200 árum í von um fáeina bankaseðla eða bara bréf frá mömmu þá er það einmitt þar. Vonandi á ég samt ekki eftir að birtast svo oft þarna í röðinni að mér verði einhvern tímann afhentur þar póstur til mín.



FYRIRTÆKI ÁRSINS 2008

Þá er komið að því...

Könnun VR á fyrirtæki ársins 2008 og launakjörum er á leið til þín. Svar gæti fært þér 50 þúsund króna gjafabréf frá Icelandair

Könnun VR á aðstæðum starfsmanna á íslenskum vinnu- markaði tekur til rúmlega 30 þúsund manna bæði á höfuð- borgarsvæðinu og landsbyggðinni. VR og SFR gera könnun meðal sinna félagsmanna um vinnuaðstæður og launakjör, eins og síðastliðin ár, og Verkstjórásambandið kannar nú launakjörin meðal sinna félagsmanna í fyrsta sinn.

Þátttakendum í könnuninni um fyrirtæki ársins hefur fjölgað mikið á nokkrum árum, árið 2000 fengu rúmlega tíu þúsund manns senda könnun og einskorðaðist hún þá við félagsmenn VR eingöngu. Fyrir utan þátttöku annarra stéttarféлага bjóða tugir fyrirtækja og stofnana öllum sínum starfsmönnum að taka þátt og telur sá hópur meira en fimm þúsund.

Könnunin er tvískipt hvað félagsmenn VR varðar. Annars vegar er spurt um fyrirtæki ársins og er þá leitað eftir viðhorfum félagsmanna til vinnustaðarins, s.s. aðbúnaðar og stjórnunar. Spurt erum líðan fólks í vinnunni, sam- skiptin á vinnustaðnum og hvernig stjórnendur koma

fram við starfsmenn. Öðrum starfsmönnum fyrirtækja en einungis félagsmönnum VR stendur til boða að svara þessum hluta könnunarinnar og er það undir stjórnend- um fyrirtækisins komið að óska eftir því við VR. Aldrei hafa fleiri fyrirtæki tekið þessu boði en í ár en þau eru nú tæplega 90 talsins. Hinn hluti könnunarinnar – spurningar um launin - snýr að félagsmönnum eingöngu. Þá er spurt um heildarlaun og aðrar launatengdar greiðslur fyrir janúarmánuð.

Niðurstaðna beggja kannanna er beðið með mikilli eftirvæntingu ár hvert og vekja ætíð athygli og umtal. Niðurstöðurnar í könnuninni um fyrirtæki ársins eru kynntar í maí en launakönnunin verður birt í september. Capacent Gallup sér um framkvæmd og úrvinnslu könnunarinnar.

Það margborgar sig að taka þátt í könnuninni því þú getur unnið gjafabréf frá Icelandair að andvirði 50.000.



Í BRENNIDEPLI

Átt þú von á 29 milljóna króna bótakröfu frá vinnuveitanda þínum?

VR félagi hefur verið krafinn um bætur vegna samkeppnishindrandi ákvæða í ráðningarsamningi. Guðmundur B. Ólafsson lögmaður VR fjallar hér um gildi slíkra samningsákvæða.

Í mörgum ráðningarsamningum eru ákvæði um að starfsmanni sé ekki heimilt að starfa hjá samkeppnisaðila í einhvern tíma eftir starfslok ýmist í 6 mánuði til 3 ár, og í einhverjum tilfellum er einnig kveðið á um dagsektir sé ákvæðið brotið.

Ákvæði sem þessi eru yfirleitt í stöðluðum texta ráðningar-samningsins sem starfsmenn fá til yfirlestrar og kemur yfirleitt ekki til umræðu við samningsgerðina enda aðallega rætt um launin og starfið sem slíkt en ekki hvað muni gerast við starfslok. Svona ákvæði geta þó haft veruleg áhrif á framtíð starfsmanna við lok ráðningarsamnings.

Félagsmanni VR var nýlega stefnt fyrir dómstóla og krafinn af fyrri vinnuveitanda sínum um greiðslu 29,2 milljónir króna vegna brota á samkeppnishindrandi ákvæði í ráðningarsamningi. Félagismaðurinn réð sig til starfa sem sölumaður í heildsölu en var við starfslok orðinn rekstrarstjóri í ritfangaverslun sem var þá komin í eigu vinnuveitandans. Hann réð sig síðan til starfa hjá annarri ritfangaverslun sem deildarstjóri verslunarsviðs. Fyrrum vinnuveitandi sætti sig ekki við það og byggist bótakrafa hans á því að við upphaf ráðningar hafi starfsmaður undirgengist í ráðningarsamningi að starfa ekki í 2 ár hjá samkeppnisaðila eftir starfslok að viðlögðum dagsektum sem námu 10% af mánaðarlaunum. Eftir að málið var höfðað hætti hann í nýja starfinu og leitar sér nú að nýrri vinnu, en málið heldur áfram í dómsskerfinu.

Í þessari umfjöllun verður þetta mál ekki rakið frekar heldur skoðað almennt hvaða réttaráhrif samkeppnishindrandi ákvæði hafa og hvort starfsmenn séu bundnir af ákvæðunum.

Samningsákvæðin eru mis víðtæk, ýmist er kveðið á um bann við að stofna til samkeppni, starfa hjá samkeppnisaðila eða starfa ekki hjá

viðskiptavini eftir starfslok en síðast nefnda ákvæðið á einkum við þegar um þjónustu-fyrirtæki er um að ræða.

Meginreglan í samningarétti er sú að menn eru bundnir við þá samninga sem þeir gera svo framarlega sem þeir brjóta ekki í bága við lög. Þó geta menn fengið samnings-ákvæðum vikið til hliðar ef það telst ósanngjarnt sbr. 36. og 37 gr. samningalaga. „Hafi maður, í því skyni að varna samkeppni, áskilið sér hjá öðrum manni að sá maður reki eigi verslun eða aðra atvinnu, eða hann ráði sig eigi til starfa við slíkt fyrirtæki, þá er það loforð eigi bindandi fyrir þann mann ef telja verður, þegar litið er til allra atvika, að skuldbinding þessi sé víðtækari en nauðsynlegt er til þess að varna samkeppni eða hún skerði með ósanngjörnum hætti atvinnufrelsi þess manns sem tókst þessa skyldu á herðar. Við mat á hinu síðastnefnda atríði skal einnig hafa hliðsjón af því hverju það varðar réttthafann að þessi skuldbinding sé haldin“.

Starfsmenn verða því að sýna varkárni þegar ritað er undir ráðningarsamning sem felur í sér takmörkun á að geta ráðið sig til starfa í sömu starfsgrein eða starfsviði. Komi til ágreinings eftir á er það starfsmannsins að sýna fram á að víkja beri samningnum til hliðar.

Í þeim tilvikum þar sem vinnuveitandi telur sig hafa mikla hagsmuni af því að starfsmaður hefji ekki störf hjá samkeppnisaðila eða hefji samkeppni við hann, fer hann venjulega fram á lögþann verði lagt við störfunum, þ.e.a.s. starfsmanninum verði bannað að vinna störf í samkeppni. Sýslumenn taka afstöðu til slíkra beiðna sem fylgja þarf eftir með dómsmáli.

Í undantekningartilfellum hafa vinnuveitendur farið beint í dómsmál og krafist bóta vegna brota á samningi og byggjast slíkar kröfur þá á ákvæðum í samningnum um fívíti eða dagsektir eins og gert var í

málinu sem minnst var á hér að framan. Við mat á því hvort víkja beri samningsákvæði til hliðar á grundvelli 36. gr eða 37. gr. samningalaga verður að líta til þess hvort samningur sé ósanngjarn og hve víðtæk skuldbindingin er til að varna samkeppni. Eins verður að líta 75. gr. stjórnarskrárinnar um hvort atvinnufrelsi manns sé skert með ósanngjörnum hætti og þá hverjir hagsmunir vinnuveitandans séu á að skuldbindingin haldi.

Þegar þessi atriði eru tekin til skoðunar verður einnig að líta til þess hvort starfsmaðurinn er að stofna til samkeppni eða hvort hann sé að ráða sig til samkeppnisaðila sem launþegi. Við skoðun á dómaframkvæmd þá eru minni líkur á að samkeppnishindrandi ákvæði verði vikið til hliðar ef stofnað er til samkeppni.

Hins vegar hafa önnur sjónarmið verið uppi gagnvart þeim sem ráða sig til starfa sem launþegar. Í þeim tilvikum er í ríkari mæli litið til aðstæðna aðila og þeirra hagsmuna sem liggja að baki því að samningnum verði ekki vikið til hliðar.

Í slíkum tilvikum er horft til stöðu starfsmannsins, aðgangur hans að viðkvæmum viðskiptaupplýsingum, og hvort þekking og reynsla byggist einungis á störfum hjá fyrrum vinnuveitanda. Því hærra settur sem starfsmaðurinn er í fyrirtækinu og býr þannig yfir meiri viðskiptaupplýsingum getur það leitt til þeirrar niðurstöðu að fyrirtækið hafi ríka hagsmuni af því að varna samkeppni með þessum hætti. Það fer þó einnig eftir hvaða upplýsingum og þekkingu starfsmaður býr yfir. Ef um mjög viðkvæmar upplýsingar er að ræða t.d. framleiðsluleyndarmál, þá geta hagsmunir vinnuveitanda vegið mjög þungt. Hér er þó ekki átt við upplýsingar um viðskiptavinina eða afslætti til viðskiptavina þar sem að í flestum tilvikum eru þau atriði í grófum dráttum þekkt á milli samkeppnisaðila.

Þessi sjónarmið komu fram í niðurstöðu Héraðsdóms Reykjavíkur frá árinu 1998. Málið snerist um hvort sölumanni á vinnufatnaði væri óheimilt að hefja störf hjá samkeppnisaðila í allt að 3 ár frá starfslokum. Í niðurstöðu dómsins segir „Þegar framanritað er virt og höfð hliðsjón af því sem upplýst hefur verið um stöðu stefnanda innan fyrirtækisins, verður hvorki talið að stefnanda hafi tekist að sýna fram á að stefndi hafi búið yfir upplýsingum er leynt skyldu fara né að stefnandi hafi haft verulega hagsmuni af því að gera slíkan samning við stefnda er mál þetta snýst um. Verður því að telja að umrætt samningsákvæði hafi skert með ósanngjörnum hætti atvinnufrelsi stefnda og verður ekki á því byggt í máli þessu“

Þá er einnig horft til orðalags ákvæðisins og hversu víðtækt það er bæði er varðar takmörkun á atvinnumöguleikum og tímalengds banns. Dómstólar hafa metið að 2 ár sé ekki of víðtækt en þó verður það ávallt mats atriði í hverju máli fyrir sig.

Skoða verður samkeppnisstöðu vinnuveitanda og hversu víðtækt svið starfsemin spannar. Því fleiri störf sem útilokast eða atvinnumöguleikar minnka eru meiri líkur að hagsmunir launþegans vegi þyngra og ákvæðinu verði vikið til hliðar, enda réttur manna til að afla sér

framfærslu tryggð í 75. gr. stjórnarskrár. Því víðtækara sem orðalagið er og bannið lengra verður að gera ríkari kröfur til vinnuveitanda að gera grein fyrir ástæðum og hagsmunum sem verið er að vernda.

Hæstiréttur hefur talið að eftir því sem að ákvæðið er þrengra og afmarkaðra þá séu minni líkur á að ákvæðinu verði vikið til hliðar. Í málinu nr.124/2003 sem snerist um rafeindavirkja sem var yfirmaður þjónustudeildar, en í þeim samningi voru samkeppnisfyrirtæki tilgreind sem bannið náði til og m.a. af þeirri ástæðu var samningi ekki vikið til hliðar. Í niðurstöðu dómsins segir „Samningsákvæðið var því þröngt, afmarkað og hnitmiðað, sett í því skyni að vernda ákveðna og lögmæta samkeppnishagsmuni. Það skyldi aðeins gilda í tvö ár, sem er hæfilegur tími. Það getur því ekki talist víðtækara en nauðsynlegt var til að varna samkeppni. Stefndi er rafeindavirki að mennt. Ekki hefur verið sýnt fram á að þeir eigi erfitt með að fá atvinnu við sitt hæfi. Stefndi var einn af helstu starfsmönnum áfrýjanda og gegndi lykilstöðu í fyrirtækinu, var í beinu sambandi við viðskiptamenn og bar ríka trúnaðarskyldu. Þegar þetta er virt verður ekki talið að samningsákvæðið hafi skert atvinnufrelsi hans með ósanngjörnum hætti. Af framangreindum ástæðum eru því hvorki skilyrði til þess að telja loforð stefnda óskuldbindandi fyrir hann með vísan til 1. mgr. 37. gr. laga nr. 7/1936 né til 36. gr. sömu laga.“

Hér gengur Hæstiréttur mjög langt að mínu mati þar sem ekki verður séð að starfsmaðurinn hafi búið yfir viðkvæmum viðskiptaupplýsingum eða sérstakri þekkingu. Það er eðlilegt að gerð sé krafa um að ákvæðið sé eins þröngt og mögulegt er en það orkar tvímælis að ákvæðið hafi meira vægi ef talin eru upp öll samkeppnisfyrirtækin þar sem starfsmaðurinn er þar með útilokaður frá vinnumarkaði þar sem þekking hans og mestu möguleikar á aflahæfi eru fyrir hendi.

Í 37. gr. samningalaga segir að ákvæði sem hér um ræðir falli niður ef starfsmanni er sagt upp störfum. Enn fremur hefur verið talið að þar sem um íþyngjandi ákvæði er um að ræða þá falli ákvæðið úr gildi ef breyting verði á aðild samningsins t.d. ef samruni eða yfirtaka á sér stað í fyrirtæki, sama mundi gilda um ef fyrirtæki vikkaði starfsemi sína t.d. með kaupum á fyrirtækjum í annarri starfsemi án endurnýjunar ráðningarsamnings.

Eins og fyrrsögn þessarar greinar ber með sér þá eiga launþegar að varast að skrifa undir samninga með samkeppnishindrandi ákvæðum enda getur það skapað ágreining síðar meir.

Ef vinnuveitandi gerir kröfu til slíkra ákvæða verður starfsmaðurinn að koma með kröfu á móti að hann njóti launa þann tíma sem starfsmaður er útilokaður frá sérsviði sínu. Ef vinnuveitandi neitar því má efast um raunverulega hagsmuni hans.

Það er góð regla að fá sérfræðing til að lesa yfir ráðningarsamninga og starfslokasamninga áður en þeir eru undirritaðir og hefur kjarasvið VR veitt slíka þjónustu. Full ástæða til að brýna fyrir félagsmönnum að nýta sér þá þjónustu.

ATHYGLISVERT

Er fegurð ávísun á velgengni?

Ef útlit skiptir ekki máli, af hverju erum við að hafa okkur til fyrir ráðningarviðtal?

Ímyndaðu þér að þú sért að ráða mann í vinnu og þarft að gera upp á milli tveggja umsækjenda. Þeir eru af sama kyni, ferilskrár þeirra eru jafngóðar og þeir standa sig jafnvel í ráðningarviðtalinu. En – og þessi staðreynd fer ekki framhjá þér – annar er myndarlegur en hinn er einfaldlega bara ljótur. Hefur það áhrif á það hvorn aðilann þú ræður til starfa? Um þetta fjallar grein í bandaríska viðskipta-tímaritinu *The Economist* nýlega – eru tengsl á milli þess hvernig fólk lítur út og hversu farsælt það er í lífi og starfi?

Ef útlit skiptir ekki máli, spyrja greinarhöfundar, af hverju erum við að hafa okkur til fyrir ráðningarviðtal, jafnvel þó að starfið krefjist þess ekki að við séum alltaf vel tilhöfð? Ef fríðleiki skiptir máli ættu hinir fallegu og gjörvulegu að njóta meira brautargengis en aðrir – jafnvel í störfum þar sem útlitið skiptir engu máli. Og þeir spyrja áfram, ef útlit annarra hefur áhrif á þig, er það endilega svo slæmt? Í nútíma þjóðfélagi telst það með afbrigðum grunnhyggju að láta útlitið skipta máli en í eina tíð var fegurð lögð að jöfnu við gáfur og heilbrigði og ljótleiki við löst. Það má enn sjá glitta í þessa hugsun – segjum við ekki að einhver

sé ljótari en andskotinn? Á móti má benda á máltækið Hverjum þykir sinn fugl fagur, en það máltæki er ósköp meinlaust og í raun rangt, segja greinarhöfundar því flestir geta sæst á sömu skilgreiningu á fegurð, svona nokkurn veginn.

Fegurð og fjárhagsleg velgengni

Í greininni er skýrt frá niðurstöðum rannsókna bandarísks háskólaprófessors, Daniels Hamermesh, sem sýna að fegurð og fjárhagsleg velgengni fara saman. Í rannsókn Hamermesh í Bandaríkjunum og Kanada, sem gerð var fyrir rúmum áratug, kom í ljós að laun þeirra sem töldust fallegir, að flestra mati, voru yfir meðallaunum en laun þeirra ljóstu voru undir meðallagi. Fallegir karlar voru að meðaltali með 5% hærri laun en meðallaunin en laun þeirra ófríðu voru 9% lægri en meðaltalið. Hjá konunum var munurinn ekki eins mikill, fallegar konur voru með 4% hærri laun en þær ófríðu með 6% lægri laun. Hamermesh hefur tekið þessa rannsókn víðar. Í Kína er munurinn gríðarlegur, sérstaklega hjá konum. Aðlaðandi karlar í Shangai eru með 3% hærri laun en meðaltalið en



óaðlaðandi karlar eru með 25% lægri laun. Fallegar konur þar í borg eru með 10% hærra laun en konur að meðaltali en ófríðar eru með 31% lægri laun en meðaltalið. Öfgarnar eru minni í Bretlandi, fallegt fólk þar í landi er með 1% hærra laun en meðaljóninn - ófríðar konur eru með 11% lægri laun og ófríðir karlar 18%.

Framboð og fegurð eiga saman

Rannsóknir Hamermesh benda einnig til þess að það séu góðar og gildar viðskiptalegar ástæður til þess að ráða fallegt fólk frekar en ófrítt. Könnun hans meðal auglýsingastofa í Hollandi sýndi að rauntekur auglýsingastofa þar sem stjórnendur voru í myndarlegri kantinum voru meiri en hinna og var sá munur marktækur.

Aðrir sérfræðingar hafa sýnt fram á tengsl fríðleika og velgengni á öðrum sviðum, s.s. á vettvangi stjórnmalanna. Sænski sérfræðingurinn Niclas Breggren gerði könnun á viðhorfum til 2.000 frambjóðenda í kosningum í Finnlandi. Það voru ekki finnskir kjósendur sem svöruðu heldur útlendingar og átti það að koma í veg fyrir að stjórnmálaskoðanir yrðu útlitinu yfirsterkari. Útlendingarnir röðuðu frambjóðendum niður eftir útliti. Sá listi var síðan borinn saman við frammistöðu frambjóðendanna í kosningunum og viti menn, þessum fallegu gekk einfaldlega betur – sérstaklega konunum.

Þjóðfélagið verðlaunar þá fallegu með velgengni en refsar þeim sem ekki hafa útlitið með sér. Það er ekki síst vegna þess að formfegurð og samræmi í útliti, heilbriggt hár og falleg húð geta allt verið merki um góða heilsu og heilbrigð gen, segir í greininni. Það er skynsamlegt fyrir fólk að velja sér aðlaðandi förunauta í lífinu, hvort sem er vini eða maka. Fallegir fá þannig tækifæri í lífinu sem ekki standa hinum til boða og geta aukið verðgildi sitt og möguleika enn frekar, ef svo má að orði komast.

ORLOF

Sumar og sól 2008



ORLOF 2008

Dúndurtilboð

Verulegur afsláttur til félagsmanna VR í sólina í sumar.

VR og Sumarferðir bjóða félagsmönnum verulegan afslátt af sólarlandaferðum sumarið 2008. Ýmsir sólríkir áfangastaðir eru í boði t.d. Calpe á Spáni, Tenerife, Lanzarote, Mallorca, Portúgal, Benidorm, Costa del Sol, Tyrkland og Krít. Á þessum stöðum eru víðast hvar fallegar sandstrendur, góð afþreying fyrir börn og fullorðna, úrval skemmtilegra skoðunarferða, vel búin hótél og síðast en ekki síst björt sól og hlýtt sumar fyrir klakabarða Íslendinga. Væri ekki ráð að grípa tækifærið og kaupa ferð á góðum afslætti og hafa eitthvað notalegt að hlakka til þó ekki væri nema svona rétt á milli élja.

Fyrirkomulag

Hægt er að velja á milli þess að kaupa eingöngu flugferð, eina viku, tvær vikur eða þrjár vikur. Afsláttur fyrir eina viku eða flug er kr. 12.500 en kr. 25.000 fyrir tvær og þrjár vikur. Um er að ræða tímabilið 15. maí til 15. september 2008.

Hvað þarftu að gera?

Félagsmenn geta sótt **gjafabréf** á Mínum síðum á www.vr.is sem gildir til og með 31. mars 2008. **Athugið að eingöngu eru í boði 150 gjafabréf og gildir reglan fyrstur bókar fyrstur fær.**

Á gjafabréfinu er veflykill sem þarf að nota í bókuninni til að fá afsláttinn. Veflykillinn er sleginn inn í lok bókunarferlisins og dregst afslátturinn þá frá. Heildarverð með afslætti kemur þá fram.

Hver félagsmaður getur einungis fengið einn veflykil. Ekki er hægt að nota veflykil sem er gefinn út fyrir tvær / þrjár vikur til að greiða fyrir skemmri eða aðrar ferðir.

Athugið að ekki má framselja gjafabréfið og viðkomandi félagsmaður verður að vera bókaður í ferðina.

Á Mínum síðum eru tveir hnappar, annars vegar fyrir styttri ferð og hins vegar fyrir lengri. Þú getur skoðað hvað er í boði áður en þú sækir gjafabréf á viðkomandi ferðaskrifstofu. Þegar þú hefur ákveðið ferðina, smelltu þá á viðeigandi hnapp til að fá þitt gjafabréf. Gjafabréfið er í pdf formi og opnast í nýjum glugga. Því er mikilvægt að stilla vafrann á tölvunni þinni til að heimila pop-up glugga.

Sjá nánar um ferðirnar á heimasíðunum: www.sumarferdir.is, www.uu.is og www.plusferdir.is

ORLOFSHÚS 2008

ORLOFSMÁL

Um gængisreglur í orlofshúsum

Munið að ganga vel um húsin

Húsið er leigt með húsgögnum, eldhúsbúnaði og öðrum í ausamunum.

Leigjandi ber ábyrgð á öllum búnaði hússins meðan á leigutíma stendur og skuldbindur sig til þess að bæta tjón, sem verða kann af hans völdum eða þeirra sem dveljast á hans vegum í húsinu á leigutíma.

Leigjandi skal ganga vel um hús og umhverfi, ræsta húsið við brottför og sjá um að hver hlutur sé á sínum stað.

Leigjandi skal koma til dvalar í húsinu á skiptidegi.

Leigjandi þarf að hafa með sér handklæði, sápu, viskastykki, sængurver, lök og koddaver.

Dvalargestir eru beðnir um að forðast hávaða með bílaumferð á orlofshúsasvæðinu.

Leigjandi skal ganga vel um staðinn og gæta þess að spilla ekki gróðri eða landi á nokkurn hátt.

Ekki er leyfilegt að hafa með sér gæludýr í húsunum.

Lesið vel leiðbeiningar sem festar eru upp í húsunum og skylt er að fara eftir.

Allar nánari upplýsingar á www.vr.is



Búnaður húsanna

Í flestum þeim húsum sem VR hefur til afnota fyrir félagsmenn er búnaðurinn miðaður við 8 manns.

Í húsunum eru sængur og koddar, útvarp, geislaspilari, dvd og sjónvarpstæki, barnarúm, barnastóll og koppur. Venjuleg eldavél með ofni og örbylgjuofn er í öllum húsum, auk gasgrills. Verandarhúsgögn eru víðast hvar og reynt að hafa umhverfið sem notalegast fyrir gestina.

Borðbúnaður er yfirleitt fyrir átta manns eða fleiri auk áhalda til eldunar auk venjulegra áhalda til eldunar sem nauðsynleg eru í hverju eldhúsi. WC pappír, uppþvottalögur og einnota borðtuskur eru í húsunum og áhöld til þrifa. Vinsamlegast athugið að einungis má nota þau hreinsiefni sem eru til staðar, þar sem sterkari efni henta ekki í rotþrær. Öryggisins vegna eru í hverju húsi eldvarnar-teppi, slökkvitæki, reykskynjari og sjúkrakassi.



ORLOFSHÚS

Bókað beint á netinu

Skelltu þér í orlofshús í sumar!

Eins og kynnt hefur verið breyttust reglur í útleigu orlofshúsa VR í átt til aukins sveigjanleika því strax upp úr áramótum var opnað fyrir bókanir á orlofsdvöl 36 vikur fram í tímann. Þetta var kynnt í síðustu tveimur tölu- blöðum VR-blaðsins, á www.vr.is og í dagblöðum. Nú er því tækifæri til að ná sér í hús því enn er mikið laust í vetur og sumar. Hægt er að bóka á vefnum www.vr.is, í síma 510 1700 og á skrifstofunni.

Bóka verður lágmark 2 daga og hámark 10 daga í senn, en að öðru leyti er fólki frjálst að velja þann tíma sem það vill dvelja í orlofshúsunum. Helgarnar verða leigðar í heilu lagi, frá föstudegi og fram á sunnudag. Fyrirkomulag verður það sama og sl. vor, þ.e. fyrstur pantar fyrstur fær. Athugið að ný vika dettur inn á hverjum miðvikudegi. Komu- og brottfarartími í húsin er inn kl. 17 og út kl. 12 á hádegi, nema sunnudaga þá má skila húsunum kl. 19.

Húsunum verður því ekki úthlutað, ekki þarf lengur að sækja um á sérstöku eyðublaði og bíða svo í nokkrar vikur eftir niðurstöðu. Þetta auðveldar félagsmönnum að velja tíma sem þeim hentar. Staðfesting liggur fyrir nokkrum mínútum eftir bókun og því er auðvelt að skipuleggja fríið með góðum fyrirvara. Hús sem bókað er á vefnum þarf að greiða með kreditkort.

Þau hús sem þegar eru í boði verða kynnt hér á næstu blaðsíðum. Von er á að fleiri hús komi inn fljótlega í byrjun apríl og verða þau jafnóðum kynnt til sögunnar á netinu. Einnig verður hægt að bóka tjaldvagnana í byrjun apríl. Þess má geta að hefðbundið sumartímabil nær frá 6. júní til 31. ágúst.

Nánari upplýsingar um húsin er að finna á www.vr.is og í þjónustuveri í síma 510 1700.



Minni Borg

VR leigir tvö glæsileg orlofshús í Grímsnesi.

Húsin standa í orlofshúsaklasa í landi Minni Borgar á hægri hönd þegar ekið er í átt að Laugarvatni frá Reykjavík. Húsin eru búin glæsilegum húsgögnum. Samtals eru 4 tvíbreið rúm í húsinu og ein kaja sem gerir það mjög hentugt fyrir tvær fjölskyldur. Þó er ekki ætlast til að fleiri gisti í húsinu en 9 manns. Auk alls venjulegs búnaðar er í húsinu uppþvottavél, gasgrill, tvö stór sjónvörp, DVD spilari og útvarp með CD spilara.

Verð

Vetur	Sólarhringur	Helgi
1/1-6/6 og 31/8- 31/12	4.500	21.400

Sumar	Sólarhringur	Helgi
6/6-30/6 og 5/8-31/8	5.000	23.500
30/6-5/8	5.600	26.700

Fjöldi húsa	2
Stærð í fm	80
Heitur pottur	Já
Svefnherb	2
Svefnloft	Já
Svefnpláss	9
Sængur og koddar	9
Borðbúnaður	12



Húsafell

VR á þrjú hús í Húsafelli í fögru umhverfi Borgarfjarðar.

Skammt frá húsi Ferðapjónustunnar er fótboltavöllur og leiktæki eru á tjaldstæðinu. Golfvöllur og minigolf er skammt hjá sundlauginni. Snjósleðaferðir upp á Langjökul er vinsælar meðal orlofshúsagesta í Húsafelli en Langjökull hf. rekur snjósleðaleigu á sumrin og býður upp á ferðir á jökulinn. Ekki er langt að fara í hellana Víðgelmi og Surtshelli og Hraunfossar og Barnafossar eru sannkölluð augnayndi.

Verð

Vetur	Sólarhringur	Helgi
1/1-6/6 og 31/8- 31/12	2.600	15.500

Sumar	Sólarhringur	Helgi
6/6-30/6 og 5/8-31/8	2.800	17.000
30/6-5/8	3.200	19.300

Fjöldi húsa	3
Stærð í fm	60
Heitur pottur	Já
Svefnherbergi	3
Svefnloft	Nei
Svefnpláss	8
Sængur og koddar	8
Borðbúnaður	8



Miðhúsaskógur

Í Miðhúsaskógi í Biskupstungum á félagið alls tuttugu hús.

Miðhúsaskógur er í kjarri vöxnu umhverfi, um 20 km. frá Laugarvatni. Sandkassi er við hvert hús og fjórir leikvellir með rólum, rennibraut og vegasalti. Sparkvöllur er á svæðinu, minigolf og körfuboltavellir við botnlanga 2 og 4. Sundlaugar í nágrenninu eru við Úthlíð, á Reykjum og á Laugarvatni. Í Miðhúsaskógi eru margar fallegar gönguleiðir.

Verð

Vetur	Sólarhringur	Helgi
1/1-6/6 og 31/8- 31/12	2.600	15.500

Sumar	Sólarhringur	Helgi
6/6-30/6 og 5/8-31/8	2.800	17.000
30/6-5/8	3.200	19.300

Fjöldi húsa	20
Stærð í fm	56
Heitur pottur	já
Svefnherbergi	3
Svefnloft	nei
Svefnpláss	7
Sængur og koddar	8
Borðbúnaður	8



Flúðir

Orlofshús VR að Flúðum eru í Ásabyggð, hús nr. 29, 30 og 30A.

Flúðir er þéttbýliskjarni í Hrunamannahreppi á Suðurlandi. Þar er í boði öll hugsanleg þjónusta eins og verslanir, veitingasala, golfvöllur og sundlaug með heitum potti og náttúrulegu gufubaði. Á flöt fyrir neðan hús VR eru leiktæki og sparkvöllur fyrir börn. Stutt er að Gullfossi og Geysi. Gönguleiðir eru margar í nágrenni Flúða, til dæmis á Miðfell og Högnastaðaás.

Verð

Vetur	Sólarhringur	Helgi
1/1-6/6 og 31/8- 31/12	2.600	15.500

Sumar	Sólarhringur	Helgi
6/6-30/6 og 5/8-31/8	2.800	17.000
30/6-5/8	3.200	19.300

Fjöldi húsa	3
Stærð í fm	54
Heitur pottur	já
Svefnherb	3
Svefnloft	nei
Svefnpláss	7
Sængur og koddar	8
Borðbúnaður	8



Akureyri

Orlofsíbúðir VR eru að Furulundi 10, merktar A, B, C, G og K.

Á Akureyri er margt að skoða. Má þar nefna hús skáldanna; Nonnahús, Sigurhæðir og Davíðshús. Lystigarðurinn við hliðina á Menntaskólanum er fallegur viðkomustaður á gönguferð um bæinn og í Kjarnaskógi rétt innan við bæinn er stórt útivistarsvæði með leiktækjum og útigrilli fyrir almenning.

Verð

Vetur	Sólarhringur	Helgi
1/1-6/6 og 31/8- 31/12	2.300	12.000

Sumar	Sólarhringur	Helgi
6/6-30/6 og 5/8-31/8	2.500	13.200
30/6-5/8	2.800	15.000

	Furulundur 10	Furulundur 8
Fjöldi íbúða	5	1
Stærð í fm	54	54
Heitur pottur	Nei	Nei
Svefnherb	2	2
Svefnloft	Nei	Nei
Svefnpláss	7	4
Sængur og koddar	8	4
Borðbúnaður	8	6



Ölfusborgir

VR eitt hús í Ölfusborgum. Á veturna er húsið leigt út af rekstrarfélaginu á staðnum og þá er pantað hjá þeim.

Frá Hveragerði er fljótferð til margra af merkustu ferðamannastaða Suðurlands, má þar nefna Gullfoss, Geysi, Skálholt og Þingvelli. Umhverfis Hveragerði er ósnortin náttúra, góðar gönguleiðir og sannkölluð paradís fyrir útivistarfólk. Við Ölfusborgir er sparkvöllur, rólur og rennibrautir fyrir börn. Í Hveragerði er t.d. sundlaug með vatnsrennibraut, blómaverslanir, gróðurhús og margt fleira. Stutt er í hestaleigu og veiði.

Verð

Sumar	Sólarhringur	Helgi
15/5- 6/6 og 29/8-14/9	2.600	15.500
6/6-27/6 2	2.800	17.000

Fjöldi húsa	1
Stærð í fm	35
Heitur pottur	Já
Svefnherbergi	3
Svefnloft	Nei
Svefnpláss	6
Sængur og koddar	8
Borðbúnaður	8



Stykkishólmur

VR leigir í Stykkishólmi þrjár íbúðir í raðhúsi að Laufásvegi 35, 37 og 41. Íbúðirnar eru á tveimur hæðum.

Stykkishólmur er á norðanverðu Snæfellsnesi. Þangað eru um 170 km frá Reykjavík eða 2-3 klst. akstur. Ýmislegt er hægt að gera sér til dægrastyttingar í Stykkishólmi, vinsælt er t.d. að ganga út á höfðann á hafnar svæðinu, einnig er hægt að ganga á fjöru út í Landey. Sundlaug og golfvöllur er á staðnum. Byggðasafn Snæfellinga er til húsa í elsta húsi bæjarins, Norska húsinu. Þá bjóða Eyjaferðir upp á siglingu um Breiðafjörðinn og Ferjan Baldur siglir út í Flatey.

Verð

Vetur	Sólarhringur	Helgi
1/1-6/6 og 31/8- 31/12	2.600	15.500

Sumar	Sólarhringur	Helgi
6/6-30/6 og 5/8-31/8	2.800	17.000
30/6-5/8	3.200	19.300

Fjöldi íbúða	3
Stærð í fm	60
Heitur pottur	Já
Svefnherb	3
Svefnloft	nei
Svefnpláss	6
Sængur og koddar	6
Borðbúnaður	8



Einarsstaðir

VR hefur fjögur hús að Einarsstöðum. Rekstarfélagið á staðnum sér um húsin á veturna og er þá pantað hjá þeim.

Einarsstaðir eru 11 km frá Egilsstöðum. Rólur, sandkassi og rennibrautir eru á svæðinu. Á Einarsstöðum er mikil náttúrufergurð og merktar gönguleiðir um svæðið. Sundlaugar eru á Hallormsstað og á Egilsstöðum. Stutt er í Hallormsstaðaskóg og að Lagarfljóti og Kárahnjúkar eru svo í næsta nágrenni.

Verð

Vetur	Sólarhringur	Helgi
1/1-6/6 og 31/8-31/12	2.300	12.000

Sumar	Sólarhringur	Helgi
6/6-30/6 og 5/8-31/8	2.500	13.200
30/6-5/8	2.800	15.000

Stærð í fm	45
Heitur pottur	Nei
Svefnherbergi	3
Svefnloft	Nei
Svefnpláss	7
Sængur og koddar	8
Borðbúnaður	8

GÓÐAR HUGMYNDIR AÐ DEKURDEGI

Dagspartur með sjálfum sér

„Í vetur fer ég út í skúr og ber á útihúsgögnin. Í sumar fer ég og tek 18 holur á Garðavelli. Í vor klippi ég trén og þegar haustar fer ég í sumarbústaðinn og skoða veiðilendur í nágrenninu.“

Hvað gerir fólk þegar það á dagspart fyrir sjálfan sig og þarf ekki að sinna venjubundnum skyldustörfum sínum? Þessi ungi maður var ekki í vandræðum með hvað hann átti að gera við sinn tíma en sumir upplifa slíkar stundir svo sjaldan að þeir lenda í mestu vandræðum með að finna sér eitthvað að gera. Lykillinn að góðri heilsu er oft hæfileikinn til að ná slökun hvort heldur er í friði og ró eða með hressandi hreyfingu. Flestum finnst þó gott að vera stöku sinnum einn með sjálfum sér, lesa eða láta dekra við sig. Aðrir vilja frekar eyða tímanum með vinum sínum við og fara á kaffihús, út að borða eða annað í góðum félagsskap. Hér til hliðar fara nokkur svör fólks af báðum kynjum og á ýmsum aldri við ofangreindri spurningu.

Kíkja á kaffihús með bók eða fartölvuna, eða horfa á vídeó heima.

Fara í andlitsbað, fótisnyrtingu, handsnyrtingu, nudd og slappa svo af í heita pottinum.

Fara í gufu og nudd og heilun.

Fara í sund, nudd og á kaffihús á eftir með dagbókina mína.

Hitta vinkonurnar, borða saman og fara í búðir.

Bjóða kærastanum mínum út að borða.

Fara í nudd og gufu. Fá mér síðan hollt og gott að borða t.d. á Grænum kosti eða á Næstu grösum. Skreppa svo í bókabúð, kaupa uppáhalds-tímaritin mín tvö og setjast inn á hótélbarinn á 101 hótél, lesa þau og fá mér eitt vínglas.

Fara í golf og taka nokkra hringi eða á gönguskíði ef viðraði til þess.

Hella mér upp á gott kaffi, smyrja brauðsneið með lifrakæfu, beikoni, sveppum og asíu, setja disk í geislaspilarann, setjast svo í sófann minn, breiða yfir mig heimsins besta bútasaumsteppi og klára að lesa Veronika ákveður að deyja og Rimlar hugans og byrja á Þúsund bjartar sólar.

Ég væri ótrúlega til í einn eftirmiðdag á skíðum í góðum félagsskap og enda síðan á léttu máltíð og einu hvítvinsglasi. Svo væri gaman að fara að spila tennis með vinkonunum og fara svo saman í mat og drykk. Síðan eru hjólaferðir með fjölskylduna alltaf voða skemmtilegar í góðu veðri.

Ég myndi byrja á því að fara á kaffihús og leggjast í blaðalestur og kaffi-drykkju. Síðan tæki við miðborgarrölt og innlit í allar sætu búðirnar á Laugavegi og Skólavörðustíg. Semsagt letilíf með hóflegri eyðslu og innifalinni göngu um Vatnsmýrina.

Ég myndi fara upp í sófa, breiða yfir mig mjúkt, hlýtt teppi og lesa bók. Ups – gleymdi að segja frá því að ég er með heitt, ekta súkkulaði með þeyttum rjóma.

Ég mundi koma mér vel fyrir með góða bók, lesgleraugun, nammiskál og staup af Tia Maria - og hafa þrjónana innan seilingar. Og njóta þess...

Fara út að ganga, hlaupa eða á skíði og koma svo inn og leggjast undir teppi með heitt kakó og bók.

Fara á bókasafn og grúska eða á Þjóðminjasafnið. Kannski í ræktina, taka til í bílskúrnum, fara í góðan göngutúr eða skoða í ruslabúðir eins og Góða hirðinn.

Um sumar mundi ég skella mér eitthvað úti náttúruna í göngu, taka með mér nesti og fara síðan í heita potta og njóta góðs matar á eftir. Um vetur mundi ég vilja fara í nudd og spa, fara síðan út að borða með elskunni minn og leggjast síðan uppí sófa með góða bók á eftir.



„Lestur, útivist,
kaffihús
og spa ber hæst
í hugmyndum
að dekurdegi.“

FRÆÐSLA VOR 2008

Trúnaðar- mannanámskeið

Athugið! Nú er hægt að skrá sig á námskeiðin á mínum síðum

Verkefni og staða trúnaðarmanna

Gunnar Páll Pálsson, formaður VR ásamt fleiri starfsmönnum

11. mars og 15. apríl, kl. 8:30-10:30

Námskeið fyrir nýja trúnaðarmenn þar sem farið er yfir það helsta sem skiptir máli í trúnaðarmannastarfinu.

Kjaramál

Starfsmenn kjarasviðs VR

19. febrúar, kl. 8:30-12:00

Farið yfir helstu atriði kjarasamninga eins og launaútreikning, veikindarétt, uppsagnarfrest, orlof og fleira.

Sjóðir og þjónusta VR

Starfsmenn þjónustusviðs VR

og Lífeyrissjóðs verzlunarmanna

4. mars, kl. 8:30-12:00

Þjónusta VR er víðtæk og á þessu námskeiði verður farið yfir þjónustuliði eins og VR varasjóð, Sjúkrasjóð, Orlofssjóð, Starfsmenntasjóðina, atvinnuleysisbætur og Lífeyrissjóð verzlunarmanna.

Að takast á við erfiða einstaklinga

Eyþór Eðvarðsson ráðgjafi hjá Þekkingarmiðlun

8. apríl kl. 8:30-12:30

Á námskeiðinu er farið yfir helstu atriðin sem varða samskipti við erfiða einstaklinga eins og nöldrarann, vitringinn, einræðisherrann, hinn þögla, leynimorðingjann og skoðanaleytingjann.

Samtalstækni

Ingrid Kuhlman ráðgjafi hjá Þekkingarmiðlun

29. apríl, kl. 8:30-12:30

Á námskeiðinu er farið í helstu atriði samtalstækni. Þátttakendur taka þátt í hagnýtum æfingum þar sem þeir tileinka sér aukna samtalsfærni.

Skráning á námskeiðin er í þjónustuveri VR í síma 510-1700 og á mínum síðum.



Vantar trúnaðarmann á þinn vinnustað?

Jákvæður, félagslyndur og ráðagóður starfsmaður með áhuga á mannlegum samskiptum óskast.

Hafðu samband við skrifstofu VR ef þú hefur áhuga á að gerast trúnaðarmaður eða ef óskað er eftir kosningu á vinnustað þínum. Í fyrirtæki þar sem 5-50 starfsmenn vinna er heimilt að kjósa 1 trúnaðarmann en 2 þar sem fleiri vinna.

Nánari upplýsingar í síma 510 1700 eða sendið fyrirspurn á elisabet@vr.is

Virðing
Réttlæti



Hádegisfyrirlestrar

Skellið ykkur að fróðlegan fyrirlestur í hádegishléinu og fáid ykkur snarl hjá VR í leiðinni. Fyrirlestrarnir eru öllum félagsmönnum opnir og eru haldnir milli kl. 12 og 13 í húsnæði VR, Húsi verslunarinnar, á 0 hæð.

Að njóta foreldrahlutverksins enn betur

14. febrúar kl. 12-13

Ólafur Grétar Gunnarsson

Ætlað til að hjálpa foreldrum leikskólabarna að ná betri yfirsýn og finna aðferðir til að verða ánægðari foreldrar með ánægðari börn. Fjallað er um að gera raunhæfar kröfur á sjálfan sig, einfaldar aðferðir til að njóta sín betur með barninu og mikilvægi þess að annast sjálfan sig og hvort annað. Ávinningur er m.a. að verða afslappaðra foreldri og ná meiri stjórn á eigin viðbrögðum.

Er ég ábyrgt foreldri?

28. febrúar

Hallur Guðjónsson

Fjallað verður um samband foreldra og barna og hvað felst í því að vera ábyrgt foreldri. Hvernig geta foreldrar tekið á þeim vandamálum kom koma upp í sambandi við uppeldi, skólagöngu, vímuefnaneyslu og fleira.

Stranglega bannað!

27. mars

Eyþór Eðvarðsson

Lífið er fullt af reglum og skipulagi. Þegar maður er ungur fær maður að heyra hvað ekki má. Hvers vegna má t.d. ekki fara á sjúkrahús í skítugum nærbuxum og af hverju má ekki leggjast í sortir í veislu?

Draumar – Hvað segja þeir?

17. apríl

Eggert Björgvinsson

Fjallað verður stuttlega um tengsl svefns og drauma. Einnig kenningar um upptök og orsakir drauma og hvort þeir hafi einhverja þýðingu. Að lokum einn draumur skoðaður útfrá öllum kenningum.

Félagsmenn á Akranesi og í Eyjum athugið! Hægt að mæta á skrifstofuna á staðnum og fylgjast með í gegnum fjarfundabúnað.

Skráning er í þjónustuveri VR í síma 510 1700 og á Mínum síðum á www.vr.is

Styrkir vegna náms

Félagsmenn VR geta sótt um starfsmenntastyrki til Starfsmenntasjóðs verslunar- og skrifstofufólks og Starfsmenntasjóðs verslunarinnar. Styrkirnir nema allt að helmingi námskeiðsgjalda en upphæð styrksins fer eftir stigaeign hvers og eins. Sjóðurinn er tekjutengdur og starfsmaður getur unnið sér inn viðbótarstig eða brot úr stigi í hlutfalli við upphæð iðgjalds. Starfsmaður sem er með laun á bilinu kr. 75.000-180.000 vinnur sér inn eitt stig fyrir hvern mánuð sem greitt hefur verið iðgjald í sjóðinn og er það að jafnvirði 1.000 kr. styrks.

Dæmi: Ef greitt hefur verið iðgjald í sjóðinn síðustu 3 ár, á starfsmaðurinn inni 36 stig sem er að jafnvirði styrks að upphæð kr. 36.000. Starfsmenn sem eru með lægri laun en kr. 75.000 fá stig í hlutfalli við laun.

Dæmi: Félagsmaður sem er með kr. 60.000 laun ($60.000 : 75.000 = 0,8$). Það samsvarar 800 kr. styrk á mánuði. Þeir sem eru með hærri tekjur en kr. 180.000 á mánuði fá hlutfallslega fleiri stig.

Dæmi: Ef starfsmaður hefur kr. 225.000 í tekjur á mánuði fær viðkomandi 1,25 stig á mánuði ($225.000 : 180.000 = 1,25$). Það samsvarar 1.250 króna styrk á mánuði eða kr. 15.000 á ári.

Undantekning frá meginreglu sjóðsins er að veittur er 75% styrkur vegna náms, sem kennt er skv. námskrám Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins, sem metið er til styttingar á námi í framhaldsskóla. Þeir félagsmenn, sem hafa annað tungumál en íslensku að móðurmáli, geta fengið styrk allt að 75% af kostnaði sem þeir bera við íslenskunám fyrir útlendinga.

Styrkirnir eru greiddir út vikulega. Skila þarf inn staðfestingu frá skóla á greiðslu eða greiðsluseðli ásamt greiðslukvittun og fylla út umsóknareyðublað sem hægt er að sækja á www.vr.is. Umsækjandi þarf að hafa greitt til félagsins á sl. 12 mánuðum.

FRÆÐSLA

Menningarlegur margbreytileiki í viðskiptum

**Starfsmenntasjóður verslunarinnar
býður upp á eftirfarandi fyrirlestra – námskeiðaröð**

Menning, markaður, samskipti

11. mars

Hvað er menning, fjölmening, menningarlegur munur?
Hallfríður Þórarinsdóttir, dr. í menningarmannfræði

Menning og alþjóðleg viðskipti og samskipti

Hallfríður Þórarinsdóttir

Reynslusaga: María K. Magnúsdóttir,
framkvæmdastjóri MKM footwear

Að búa og starfa í margmenningarlegu umhverfi

12. mars

Smiðja í millimenningarfræðslu

Hulda Karen Daniëlsdóttir, kennsluráðgjafi

Reynslusögur: Íslendingur með reynslu af fjölmeningarlegum
vinnustað og erlendur starfsmaður með reynslu af að starfa
á íslenskum vinnumarkaði

Alþjóðleg viðskipti og millimenningarleg samskipti

13. mars

Árangur á vörusýningum

Jón Þorvaldsson, framkv.stj. Eflis almannatengsla ehf.

Alþjóðlegir viðskiptasamningar, samningagerð

Grétar Már Sigurðsson, ráðuneytisstjóri
utanríkisráðuneytisins

Alþjóðaviðskipti og mannréttindi

Guðbjörg Lilja Hjartardóttir, doktorsnemi og kennari í HÍ
Reynslusaga: Sigsteinn P. Grétarsson forstjóri Marel

Staður: 9. hæð í Húsi verslunarinnar, Kringlunni 7

Tími: 8:30 – 12:30

Verð

Einn dagur: 3.000.- Þrír dagar: 7.500.-

Einn dagur fyrir aðra en félagsmenn: 7.500.-

*Skráning og nánari upplýsingar um námskeiðin í síma 5888910
eða dogg@fis.is Að starfsmenntasjóðinum standa VR, LÍV og FÍS.*





UMRÆÐAN

Svefn sem söluvara

Nú er það svefninn, ekki kynlífið, sem selur.

Þegar vinirnir stæra sig af því að þeir fái nóg eða séu fullnægðir, halda flestir að þeir séu að vísa til kynlífs. Það er hins vegar staðreynd að þeir eru mjög sennilega að tala um svefn; eftirsóttustu munaðarvöruna í dag ef marka má grein í nýjasta hefti tímaritsins *Psychologies*. Eftir því sem fólk er eldra þegar það eignast fyrstu börnin og ný tækni og alþjóðlegt umhverfi þarfnast meira og meira af tíma okkar, er heil nótt án truflunar orðin munaður, dásamlegt dekur og jafnvel talin hámark vellíðunarinnar. Á meðan mælt er með að lágmarkssvefn fullorðinna sé að minnsta kosti 7 tímar á sólarhring, sefur 1/3 hluti allra fullorðinna Breta í 5 tíma eða minna og 30-40% telja sig eiga við einhverskonar svefnvandamál að etja árlega. Ástæður þessa svefnleysis eru taldar andleg heilsa, aukin líkamspygnd og hár blóðþrýstingur svo fátt eitt sé talið. Það er því ekkert skrítið að það sé svefn en ekki kynlíf sem mörg okkar setja í forgang á 21. öldinni.

Að fjárfesta í svefni

Flugfélög og hótél fjárfesta í svefni og slökun til að laða að viðskiptavinum. Þeir sem ferðast mikið vegna vinnu sinnar gera kröfur um fyrsta flokks aðstöðu og setja í forgang að þeir geti sofð meðan á ferðalaginu stendur. Hótelin fjárfesta tugi milljóna í fyrsta flokks rúmum, lúxus sængurfatnaði og spa aðstöðu á þeim forsendum að fólk sé nú að leigja sér herbergi til ná sér í væran blund en ekki einn stuttan. Blundurinn er orðinn stór business. New York-based MetroNaps, stofnað 2003, býður upp á blund-

miðstöðvar, þar sem þeir uppgefnu geta hlaðið batteríin í nútímalegum einka „EnergyPod“ í 20 mínútur. Metro Nap pods hafa verið settir upp í skrifstofum margra fyrirtækja eins og Cisco og Procter & Gamble, og eru í boði á mörgum líkamsræktarstöðvum í miðborg New York. Nærrí 40% starfsmanna fyrirtækja segjast skila minni vinnuafköstum vegna þess að þeir eru syfjaðir og viðskiptalífið reynir af fremsta megni að auka framleiðni og minnka mistök í starfi með því að búa til ódýrar lausnir á svefnvandamálum starfsmanna sinna.

Róandi koddar

Eins og kynlífið hefur gert um aldir þá selur svefninn. Í greininni „The Sleep Racket“ eða „Svefnbraskið“ sem birtist í Forbes tímaritinu á dögunum er varpað ljósi á að svefn er hin nýja iðnaðarvara, tekjulind hótela og blundmiðstöðva, ólyfseðilsskyldra svefnlyfja og gróðavon fyrir brellur svokallaðra svefn sérfræðinga. Þar sem svefn er ekki lengur sjálfsgætt hlutur sjáum við hann í hillingu. Hágæða sængurfatnaður er jafnvel orðinn hátindur ánægjunnar. Kynlífsleikföng og sexí undirfatnaður eru liðin tíð, í dag eru söluhæstu lúxusvörurnar fyrir svefnherbergið mjög líklega koddar sem spila róandi tónlist eða sérstaklega þægilegar dýnur búnar til úr silki og cashmere. Á Valentínusardaginn verða vinsælustu gjafirnar líklega vörur sem varða slökun og andlegar nautnir fremur en holdlegar. Setningin „að háttu snemma“ hefur þá fengið algjörlega nýja merkingu.

Á RÖLTINU

Félagsmenn VR

VR blaðið kíkti í Kringluna einn snjópungan dag í febrúar, heimsótti nokkra félagsmenn á vinnustað sínum og spurði þá spjörunum úr.



Vilborg Styrkársdóttir

Starfsmaður Body shop í Kringlunni

Stjörnumerki? Bogmaður

Vetrar sport? Snjósleði

Rigning eða snjór? Snjór

Búinn að lesa jólabókina? Var að klára að lesa Einar Má

Uppáhalds litur? Svartur og blár

Uppáhalds kaffi? Góður Americano

Sumarfríð 2008? Útí íslensku náttúruna



Ingibjörg Þórólfsdóttir

Starfsmaður Casa í Kringlunni

Stjörnumerki? Sporðdrekki

Vetrar sport? Skautar

Rigning eða snjór? Fer eftir aðstæðum

Búinn að lesa jólabókina? Er með Arnald á náttborðinu

Uppáhalds litur? Svartur

Uppáhalds kaffi? Nescafé gull

Sumarfríð 2008? Gönguferð á hálendinu



Brynjólfur Fjeldsted

Söluráðgjafi Sony Center í Kringlunni

Stjörnumerki? Vog

Vetrar sport? Sófahangs

Rigning eða snjór? Snjór með miklu óveðri

Búinn að lesa jólabókina? Las Munkinn sem seldi sportbílinn

Uppáhalds litur? Grár

Uppáhalds kaffi? Svart og sterkt

Sumarfríð 2008? Góð borg í Evrópu og ferðast innanlands



Helga Einarsdóttir

Starfsmaður Lyfju í Kringlunni

Stjörnumerki? Sporðdrekki

Vetrar sport? Snjósleði / skíði

Rigning eða snjór? Snjór

Búinn að lesa jólabókina? Las bókina um Freyju, frábær bók

Uppáhalds litur? Raspberry pink

Uppáhalds kaffi? Cappuccino

Sumarfríð 2008? Til sólarlanda

Í atvinnuleit

Það getur oltið á því hvaða aðferðum þú beitir í atvinnuleitinni hvort þú færð starfið sem þú vilt eða ekki. Ef þér hefur ekki orðið ágengt hingað til ættir þú að huga að því breyta um aðferð.

Það eru ótal leiðir færar til þess að finna sér vinnu, t.d. að hafa beint samband við fyrirtæki sem þú hefur áhuga að starfa fyrir, senda kynningarbréf ásamt umsókn til starfsmannastjóra og hafa samband síðar, skoða atvinnuauglýsingar dagblaðanna, skoða internetið eða hafa samband við ráðningarstofur og fylgja umsóknum eftir með viðtali.

Þegar þú svarar atvinnuauglýsingu er gott að hafa í huga;

Að þú ert að keppa við aðra hugsanlega kandiðata og flestir eru að svara sömu auglýsingu,

Að markmið þitt er að reyna að komast í viðtal,

Að grundvallaratriði er að atvinnuumsókninni fylgi ferilskrá og umsóknin sé laus við stafsetningar- og staðreyndavillur.

Ferilskrá

Fyrsta skrefið þegar þú ert að leita að vinnu er að útbúa starfsferilskrá. Það sem þarf að koma fram á henni er m.a. eftirfarandi (gott er að telja fyrst upp það nýjasta):

Menntun og námsferill, sérstaklega menntun og námskeið sem skipta máli fyrir starfið sem þú ert að sækja um.

Starfsreynsla, hvaða störfum þú hefur gegnt, hvenær og hvar og hverjar starfsskyldur þínar voru. Það nægir að taka saman upplýsingar um skammtíma störf, s.s. sumarstörf á yngri árum, í eina til tvær setningar.

Tölvukunnátta

Tungumálakunnátta

Upplýsingar um persónulega hagi

Markmið

Meðmælendur, ef óskað er.

Það skiptir miklu að vanda til uppsetningar starfsferilskrárinnar og að hún sé stutt. Það er góð vinnuregla að biðja einhvern að lesa hana yfir og koma með ábendingar um það sem betur má fara.

Ráðningarviðtal

Ef þú kemur til greina í starfið sem þú ert að sækja um ertu kölluð/kallaður í ráðningarviðtal. Markmiðið með ráðningarviðtalinu er að stjórnendur fái upplýsingar um hvort menntun, hæfni, þekking, reynsla og persónuleiki þinn komi heim og saman við þarfir fyrirtækisins. Gylfi Dalmann vinnumarkaðsfræðingur gefur hér til hliðar nokkur góð ráð fyrir viðtalið.





Undirbúningur fyrir viðtal

Mikilvægt er fyrir þann sem er í ráðningarviðtali að hafa nokkur atriði í huga:

Mæta stundvíslega í viðtalið og bjóða af sér góðan þokka.

Vera kurteis og snyrtilegur til fara.

Sýna starfinu og fyrirtækinu áhuga.

Ekki láta launamálin vera aðalatriðið í fyrsta viðtali.

Ekki tala illa um fyrrverandi vinnuveitanda og vinnufélaga.

Vera reiðubúinn að svara spurningum um styrkleika og veikleika í starfi.

Vera jákvæður og áhugasamur um starfið.

Kynna sér ítarlega fyrirtækið, viðskiptavinum, stjórnendum o.þ.h.

Nota internetið og könnun VR um fyrirtæki ársins.

Sá sem tekur ákvörðun um ráðningu í starfið vill fyrst og fremst fá svör við fimm grundvallarþáttum:

1. Af hverju sýnir þú þessu starfi og þessu fyrirtæki áhuga?
2. Hvað getur þú gert fyrir okkur ef þú verður ráðin(n)?
3. Hvers konar persónuleika býrð þú yfir?
4. Er auðvelt að vinna með þér?
5. Hvað aðgreinir þig frá hinum sem sóttu um starfið?
6. Ert þú tilbúin/n til að leggja eitthvað aukalega á þig fyrir fyrirtækið?
Ef við viljum ráða þig, hvað kemur það til með að kosta okkur og erum við reiðubúin að mæta þeim kostnaði?

Að sama skapi þarft þú að geta svarað eftirfarandi fimm spurningum um starfið sem þú ert að sækjast eftir:

1. Hvað felst í þessu starfi?
2. Falla hæfileikar mínir sannarlega að starfinu?
3. Er þetta þannig vinnustaður og starfsmenn sem mig langar til þess að vinna með?
4. Ef mér líkar vel við fyrirtækið, get ég sannfært stjórnendur um að þeir ættu að ráða mig en ekki einhvern hinna sem sóttu um starfið?
5. Get ég sannfært þá um að ráða mig upp á þá laun sem ég geri kröfu um?

Ráðningarsamningur

Ef þú hyggst ráða þig til starfa hjá fyrirtæki er skylt að gera ráðningarsamning. Það er samningur milli einstaklings og fyrirtækis um samskipti þeirra, réttindi og skyldur. Skriflegur ráðningarsamningur á að liggja fyrir í síðasta lagi tveimur mánuðum eftir ráðningu.

Í ráðningarsamningi þarf að koma fram: Titill, staða eða eðli starfsins sem starfsmaðurinn er ráðinn í, lengd ráðningar, ef hún er tímabundin, laun og lengd vinnudags eða vinnuviku.

Nánari upplýsingar er að finna á www.vr.is og hægt er að nálgast sýnishorn af ráðningarsamningi er á vef ASÍ, www.asi.is



ANNÁLL VR

Hvað gerðist á árinu 2007



Janúar

VR og Verslunarmannafélag Vestur-Húnvetninga gerðu samning um sameiningu um áramótin. Nýársfundur var haldinn 22. janúar. Þar voru innri mál félagsins til umfjöllunar. Tvíeykið Stefán Hilmarsson og Eyjólfur Kristjánsson tóku nokkur lög fyrir fundargesti. Morgunfundir, grunnskólafræðsla og hádegisfyrirlestrar hófust og stóðu fram í lok apríl.

Febrúar

Auglýstar voru ódýrar sólarlandaferðir fyrir félagsmenn til Calpe, Tenerife, Mallorca, Lazarote og Portúgal. Undirbúningur kjarasamninga hófst formlega, málefnaþópar voru stofnaðir og rýniþópar voru undirbúnir.

Mars

Róttækar breytingar á útleigu orlofshúsa voru kynntar í mars. Ekki var nú lengur farið eftir punktaeign félagsmanna heldur var reglan; „fyrstur bókar fyrstur fær“ viðhöfð. Aðalfundur var haldinn 26. mars. Þar var samþykkt tillaga um 30% lækkun á félagsgjaldi, úr 1% af heildarlaunum í 0,7%. Þá var einnig samþykkt á fundinum tillaga um breytingar á lögum félagsins sem miða að því að auka lýðræði við val á formanni, stjórn og trúnaðarráði. Þá voru rúmar 400 milljónir lagðar inn á varasjóði félagsmanna.

Apríl

VR hætti afgreiðslu atvinnuleysisbóta. Ráðgjöf og aukin eftirfylgni hófst í sjúkrasjóði. Opnað var fyrir bókun orlofshúsa fyrir sumarið 2007. Þetta var fyrsta sumarið þar sem húsunum var ekki úthlutað.

Mái

VR tók þátt í kröfugöngu 1. maí að venju en ekki var kaffisamsæti á eftir vegna breytinga á rekstri með tilkomu VR varasjóðs og aukinnar áherslu á velferðarmálum. Í árlegri könnun um Fyrirtæki ársins voru fyrirtækin Applicon og Vélfang hlutskörpust.

Júlí, júní, ágúst

VR og VVH sameinast formlega 1. júní. Fjöldi félagsmanna dvaldist í orlofshúsum, tjaldvögnum og á sólarströnd á vegum VR. Ungligar gerðu óskunda í orlofshúsum VR og var í framhaldinu ákveðið að aldurstakmark að orlofshúsum yrði hækkað í 20 ár. Félagsgjald lækkað úr 1% í 0.7%.

September

Niðurstöður launakönnunar voru birtar í september. Laun félagsmanna hækkuðu um 12% á milli árána 2006-2007. Vinnutíminn breyttist ekki en kynbundinn launamunur minnkaði. Birtingar hófust á nýrri auglýsinga-herferð sem hlaut nafnið Vinnan og fjallaði um samræmingu vinnu og fjölskyldulífs. Stjórn VR samþykkti menntastefnu þar sem lögð er áhersla á aðgengi félagsmanna að menntun og samvinnu allra aðila á vinnu- markaði og ríkisins.

Október

Þá sameinuðust VR og Verslunarmannafélag Vestmannaeyja formlega þegar VFV samþykkti tillögu að sameiningu með öllum greiddum atkvæðum. Um 70 fulltrúar VR sóttu ASÍ þing 18. og 19. október þar sem fjallað var um komandi kjarasamninga og norræna vinnu- markaðsmódelið. Þar var Ingibjörg R. Guðmundsdóttir kjörin vara- forseti ASÍ til næstu tveggja ára. Í þessum mánuði hófust kynningar í grunnskólum með nýju fræðsluefni eftir Jón Gnarr. Undirrituð var viðræðuáætlun vegna kjarasamninga.

Nóvember

Hafist var handa við að fríska upp á orlofshúsin í Miðhúsaskógi með nýjum gólfefnum, eldhúsinnréttingu of fleiru. Samstarfsverkefni VR og fleiri þjóða með Leonardo styrk varðandi tölvulæsi lauk í nóvember. Gert var átak í samvinnu við Eflingu, ASÍ, Alþjóðahús og SVP um virðingu fyrir erlendu starfsfólki. Í nóvember var félagsmönnum boðið upp á náms og starfsráðgjöf.

Desember

Ákveðið að ganga enn lengra í sveigjanleika í orlofsmálum VR og gátu félagsmenn frá og með 4. janúar bókað 36 vikur fram í tímann. Félagsmenn voru minntir á hvíldartímann í jólatörninni með sjónvarpsauglýsingu.



Krossgátan

				HEDIR	ÞÁTT- TAK- ENDUR	HENNA BYGGU START	HEMJA BYLTA	FOR- SMAN ASTUNDA	ÞUKL- IR Á	VEITIR UPP- HEFÐ
				LEST			12			
				ASINN						11
				LIDIR			13			
				GEOTA MEDIR AFRAM			LVHTU LITILI- VIKT		4	
				BEODD- UR	RÓTFAR- IR 7 UNNENDI	3				
				LÖFI	HÁS		FÉLAG		18	ÞROT REIÐI- HAITID
					SKEGG		ALITID			
				ÞSÁLF- UN		LEGGJA KDIS- LEGA	6		FULL- INN	
				NÖLDR- AR = MANN- LAUSA		5		SLIKUR		
				ENDING	FRAM- FAKS- SEMI GLAFIR		AUD- VELD LYKT- AA AF			
				LÉKK- AR	MYR- KEYNI GALTAE			17	FERA Á STO BEIMILI	
						ROMS- AN	16	KTOR DRÖLLA		
						14		ÞVINGI ÓPRIF		
				KARL- FULLAR + MÁLARI						19
				LAUGDAG EINING DATA- CALCULI				HEFTI LIGI ÞVINGI		21
				VEIKL- UD + LESTAN				7		MJÖG WELD
				RYK- KORN	SELDI MISLA AF HLAFTA- SKAP		GEISLA- HJUG- URINN	WES- ODDAM TIU		2
					GUÐ- AR	15	STANALT JURTIN		ÞROT- AR	SMART- LEIÐ- URINN
				ÞVICTA		ÞVINGI TOM- STUNDA- IÐTA	22			
				HITI + TÓNAN			STARKE ÓFULLU			20
				ÞKRIF- FERI				ROGUR ÁRSTÍÐ		
				ÓNUG			HEDA LEIÐ- INDAN		DRYKK- UR	
					ÞVINGI VIÐ STARK- LEGA				Á FATI ÓKRI	24
					ÞVINGI SERUM ÞVINGI LITIL				KVÆÐI MEGN- ADI	BERG- MALA
				GLÖD	8	GUÐ FRUM- SPHI		NÉLDR MÖND- IÐI		ENDING
				HRELL- ID		LÍKAM- HLUT- ANUM				10
				FRYÐAN + SÖRC- IND						25



Verðlaun fyrir rétta lausn kr. 12.000

Lausnin á síðustu krossgátu er málshátturinn „Lítið stoðar auður án yndis.“

Vinningshafi desemberkrossgátunnar heitir Hólmfríður Jónsdóttir. Hún er bókuarstjóri í söludeild Radisson SAS Hótel Sögu og Park Inn Íslands og hefur starfað fyrir hótelið frá því í maí 2007. Hún er með B.S.-próf í ferðamálafræði með spænsku sem aukagrein frá Háskóla Íslands. Við óskum Hólmfríði til hamingju með verðlaunin sem nú hafa hækkað í 12.000 krónur.

Lausnin í krossgátunni hér til hliðar er er málsháttur. Síðasti móttökudagur lausna er 10. mars 2008. Vinsamlegast látið kennitölu fylgja og skrifið „krossgáta“ utan á umslagjö.

Utanáskriftin er: VR-blaðið, Húsi verslunarinnar, Kringlunni 7, 103 Reykjavík. Einnig er hægt að senda lausnina á vr@vr.is

ELLEN KRISTJÁNSDÓTTIR

Skyggnst í hugarheim söngkonu



Fjögur orð sem lýsa þér best?

Ég veit ekki, kannski best að spyrja einhvern annan.

Hvernig og hvar líður þér best?

Með fjölskyldunni, hvar sem er.

Ertu trúuð?

Já og það hjálpar mér. Til dæmis ef ég gleymi mér og hendist áfram í allri vitleysunni sem við höldum að sé að gera okkur gott í nútíma þjóðfélagi. Það er t.d. löngunin til eignast eða gera eitthvað sem skiptir í rauninni engu máli. Þá er gott að staldra við og biðja um að manni sé leiðbeint inn á rétta braut. Oftar en ekki horfir maður á hlutina öðrum augum eftir bæn og hugleiðslu og er fær um að sinna öllu á betri hátt.

Segirðu meiningu þína?

Nú orðið...vona ég.

Ef þú gætir breytt einhverju einu atriði hjá sjálfri þér, hverju myndirðu breyta?

Eg óinu! Ég þarf að minnka sjálfshyggjuna!

Hvað ergir þig?

Græðgi og stríð til dæmis.

Af hverju ertu hreyknust?

Börnunum mínum.

Hvað kemur þér til að hlæja?

Maðurinn minn.

Hvað grætir þig?

Mannvonska, en svo margt annað t.d. tónlist, myndir, fjöllin og hafið...

Þú vaknar upp kl. fjögur að nóttu, um hvað ertu að hugsa?

Líklegast einhverjar áhyggjur en stundum tónlist eða að það ætti að taka menn fasta sem eru ekki með hljóðkút á bílnum sínum.

Hvað er besta ráð sem þér hefur verið gefið?

Að sleppa og leyfa Guði.

FYRIRTÆKI ÁRSINS 2007

Hver fær 2008 árgerðina?

Með þátttöku í könnun VR, **Fyrirtæki ársins**, fá fyrirtæki betri mynd af aðbúnaði og ánægju starfsfólks á einfaldan og skýran hátt. Allar nánari upplýsingar fást á heimasíðu VR, www.vr.is, eða með því að senda póst á vr@vr.is

Vertu til fyrirmyndar og taktu þátt.